

Kópavogur, 4. desember, 2023.

Fundur Gammadeildar haldinn að heimili Gerðar G. Óskarsdóttur.

Fundarritari: Ingibjörg Jóhannsdóttir.

Kveikt var á kertum, fundargerð lesin og nafnakall.

Gerður sagði okkur frá fallega skreyttu jólatré sem stóð í stofunni. Það hefðu foreldrar hennar gróðursett við sumarhús fjölskyldunnar þar sem Gerður reisti síðar sitt glæsilega hús. Hún hafi nýlega látið höggva tréð en einungis allra efsti hluti þessa 16 metra trés gleður nú fundarmenn.

Bjarndís var með Orð til umhugsunar. Hún rifjaði upp jólaminningu frá afa og ömmu þar en hjá þeim bjó hún á Bergþórugötunni. Henni finnst að á þessum tíma, rétt fyrir jólin hafi jörðin iðulega verið alhvít og snjórinn glitraði eins og demantar, loftið hafi verið ferskt og myrkið fallett. Fyrir jólin hafi hún gengið með afa sínum niður Laugavegin og skoðað jólaskeytingar og leið þeirra hafi alltaf legið niður að Rammagerðinni þar sem jólasveinarnir hreyfðust í glugganum og sýsluðu fyrir jólin. Á heimili afa og ömmu hafi mikið verið bakað og stundum fram á nótt. Ein jólin þegar Bjarndís var 10 ára var ákveðið að fara norður í land og halda upp á jólin með systkinum Bjarndísar sem þar bjuggu. Veðrið hafi verið vitlaust og þau þurft að keyra í 14 tíma. Það hafi ekki komið mikið að sök því inni í bílnum var jólastemning með upplestri og ró. Þegar norður var komið mætti þeim mikil jólaparadís með ljósum og ilmi. Krafturinn sem felst í hefðum og samveru endurspeglir hinn sanna jólaanda – hann snúist um tilfinninguna fyrir því að tilheyra. Jólin séu tími vonar og saklausrar trúar á hið ótrúlega.

Hrefna sagði frá dagskrá vormisseris.

Gestur kvöldsins var Hlín Agnarsdóttir sem nýlega gaf út bókina Einlífi ástarsaga. Undanfarin 8 ár hefur Hlín búið í Svíþjóð en kemur heim annað slagið til að kenna og nú til að fylgja bókinni sinni úr hlaði. Bókin fjallar um ástarrannsókn konu sem hefur rannsakað fjöllyndi en einbeitir sér nú að rannsókn á konum sem hafa verið einlífar, það er verið í styttri samböndum en ekki búið lengi með neinum. Hlín vill kalla söguformið tvinnsögu sem er saga sem byggir á hennar eigin lífi en er líka skáldsaga. Sögupersónur bókarinnar eru Saga Líf sem er rannsakandinn og Eyja Björk sem er einn viðmælandinn. Inn í viðtölin eru settar alls konar upplýsingar, sérstaklega um ástarlíf Eyju Bjarkar. Þriðja aðalpersónan í bókinni er látin móðir Sögu Lífar sem bankar upp reglulega í draumi. Forsíðumyndina fann Hlín í dagbók móður sinnar en það er mynd af Claire Trevor sem var fræg leikkona í Ameríku. Dagbókin er frá því móðir Hlínar var 16 ára og þar er meðal annars úrklippa með grein um Claire. Miklar vangaveltur voru alltaf um hvort konur væri nógu fallegar.

Í Einlífi er sagt frá fullorðinssjálfinu þar sem hún elst upp með mjög ströngum föður og þunglyndri móður sem eignaðist fimm börn á jafn mörgum árum. Mamman var með miklar skapsveiflur og lýsti Hlín henni sem andlegu jarðsprengjusvæði. Þetta hafi haft mikil áhrif á hana í fullorðinsslífinu. „Það tekur alla ævina að jafna sig á að hafa fæðst“. Hlín var barn ungra foreldra þar sem hún þurfti að passa sig á að vera ekki fyrir og dugnaðurinn var upphaf og endir alls – kærlekurinn var ekki fyrirferðarmikill.

Á fyrri hluta ævinnar vann Hlín við leikhús þar sem henni fannst hún fá útrás fyrir að búa til alls konar hóbýli og aðstæður á heimilum – aðstæður sem hún bjó ekki við sem barn. Sem unglingur teiknaði hún íbúðir af alla vega stærðum og gerðum og var gefin ljósmyndabók eftir Hörð Bjarnason og Atla Má þar sjá margs konar glæsileg og nýtískuleg heimili þar sem er pláss fyrir alla. Hún hafi verið ráðagott barn

og nefnir sem dæmi að þegar móðursystir hennar missti tönn hafi hún gert sér lítið fyrir og teiknað nýja tönn fyrir hana.

Hlín segir að rannsóknarspurning bókarinnar hafi verið: **Er nándartraust nauðsynlegt til að elska aðra manneskju?** Nándartraust er það sem þarf að vera til í nánum samböndum svo fólk geti opnað sig og treyst því að vera ekki svikið.

Fundarkonur ræddu um orðið dugnað og hvort það geti haft neikvæð tengsl. Hlín segir að henni sýnist fólk stundum geta gengið fram af sjálfu sér í meðvirkni þar sem fólk vill ekki eða getur ekki hætt að vera duglegt. Frekar en að gefast upp gengur það fram af sjálfu sér.

Hlín segir að setningin úr leikriti Harold Pinters hafi lengi hljómað innra með henni: I have never been loved. From that I derived my strength.

Hún segir að sér finnist lífið inn í leikhúsinu að sumu leyti svipað því að vera í disfúnsjónal fjölskyldu.

Hlín kom með bækur sem hún áritaði og kláruðust öll eintökin sem hún kom með. Gammakonur í fyrri hluta stafrófsins buðu upp á dýrindis veitingar og að endingu voru sungin jólalög undir styrkri stjórn Hildar Jóhannesdóttur.

Fundi var slitið rétt fyrir kl. 10.